

Umhverfisstofnun  
Áb. \_\_\_\_\_  
16. ágú. 2016  
08.7401  
Tilv. US 2016.07 - 081



Teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun  
Halldór Jóhannsson  
Skipagötu 12  
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. ágúst 2016  
Tilv.: UMH16070033/20-1

Vísað er til erindis yðar, f.h. Langanesbyggðar, dags. 8. júlí sl.. Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Bakkafjörð, Langanesbyggð. Í erindinu kemur fram að urðunarstaðurinn hafi verið með gilt starfsleyfi til 5. september 2012. Áður en starfsleyfi rann út hafi verið sótt um undanþágu til tímabundinnar notkunar en því hafi verið hafnað þar sem hvorki var í gildi aðal- né deiliskipulag. Vísað er til þess að Umhverfisstofnun hafi nú samþykkt starfsleyfisumsókn sem fyrst var send stofnuninni í ágúst 2015 og vinna við starfsleyfi sé hafin. Erindinu var fylgt eftir með bréfi, dags. 27. júlí 2016, frá Bonafide lögmönnum, f.h. Langanesbyggðar þar sem fram kemur að það sé „einlæg von Langanesbyggðar að sveitarfélaginu verði veitt sú undanþága sem hér er óskað eftir.“

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. laganna. Samkvæmt 1. mál. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustöð fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 9. ágúst sl. Í umsögninni staðfestir Umhverfisstofnun að fullnægjandi umsókn hafi borist frá Langanesbyggð um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Bakkafjörð og að móttaka umsóknarinnar hafi verið samþykkt 24. júní sl. Ekki sé um að ræða útistandandi eftirfylgnismál gagnvart rekstraraðila. Umhverfisstofnun telji koma til álita að veita undanþágu frá starfsleyfi þar til nýtt starfsleyfi hafi verið gefið út.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með Langanesbyggð tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Bakkafjörð.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Langanesbyggð skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrri starfsleyfi; Starfsleyfi fyrir urðunarstað Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð, sem gefið var út af Hollustuvernd ríkisins 5.


september 2002.

2. Langesbyggð skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga um rekstur urðunarstaðarins.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. maí 2017.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra